

Til Skipulagsstofnunar

Eftirfarandi sjónarmiðum viljum við undirritaðir koma á framfæri við Skipulagsstofnum vegna tillögu að aðal- og deiliskipulagi við Aksturslág í Norðurþingi. Áður höfum við sent þessi sjónarmið til Skipulags og framkvæmdanefndar Norðurþings 25. júní 2024.

Nokkur orð um fyrirhugaða verslunarmiðstöð í Aksturslág.

Á afmörkuðu svæði sunnan við bæinn og kennt er við Aksturslág/Árbugslá stendur til að byggja stórt verslunarhús samkvæmt auglýsingu frá Norðurþingi. Skilja má í auglýsingunni að því verði að hafa hraðar hendur og breyta skipulaginu og gera nýtt deiliskipulag.

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir framtíðar íbúðarhúsbyggð á þessu svæði. Til að breyta aðalskipulagi og gera nýtt deiliskipulag á svæðinu þarf ríkar ástæður. Nú hefur Skipulags og framkvæmdanefnd Norðurþings óskað eftir breytingu á aðal og deiliskipulagi svo hægt verði drífa verslunarhúsið upp sem fyrst.

Undirritaðir gera athugasemdir við þetta vinnulag og finnst eðlilegt að núverandi aðalskipulag gildi og því sé ekki breytt nema ríkir heildarhagsmunir kalli á slíkt.

Það á ekki að vera nóg að eigandi verslunarhúss óski eftir lóð á svæði sem ætlað er undir annars konar not og þá sé farið í að breyta aðalskipulagi í flýti og gera nýtt deiliskipulag, slíkt telja undirritaðir ekki góða stjórnýslu.

Umrætt svæði sem kennt er við Sandabrot/ Aksturslág/Árbugslág og afmarkast af Þorvaldsstaðakinnungum í norðri, Bæjarbrekku í austri og Þjóðveginum í vestri allt suður eftir Eystri-Króklág, var talið heppilegt að taka frá sem framtíðar íbúðarbyggð með fjölbreyttum möguleikum í núverandi aðalskipulagi. Þetta er skjólsælt, gróðursælt og fallett svæði, heppilegt fyrir afmarkaða íbúðarbyggð í framtíðinni.

Við teljum ekki skynsamlegt að fórna þessu svæði í fljótræði fyrir stóra umdeilda verslunarmiðstöð í útjaðri bæjarins sem að öllum líkindum hefur slæm áhrif á miðbæjarlífið á Húsavík, því færri eiga þá erindi þangað. Það eru miklir möguleikar að endurskipuleggja miðbæ Húsavíkur og koma þar fyrir sem mestri þjónustu, ekki að draga hana hana út úr miðbænum. Ýmsir hafa bent með góðum rökum á þetta upp á síðkastið. Slíka breytingu á þá að gera í víðtæku samráði við bæjarbúa og kalla til ráða færa arkitekta og fleiri sérfræðinga og flýta sér hægt.

Í málefnasamningu meirihluta flokkanna í sveitarstjórn Norðurþings, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks segir í kaflanum skipulags- og umhverfismál:

" Fara í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu miðbæjar á Húsavík þar sem hafnarsvæði, Búðargil, Öskjureitur og miðbær tengjast. Farið verður í yfirborðsfrágang á Öskjureit og unnið að framtíðarsýn svæðisins".

Fagna ber þessum áformum og byrja þá á þeim áður en afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar, en þetta svæði hefur lengi legið óbætt hjá garði. Við teljum að með skipulagi miðbæjarins opnist ný sýn á skipulagsmálin almennt. Þar með verður búið að fullmóta þetta stóra svæði og þá verður augljóst að nægt pláss verður fyrir verslunarhúsnæði.

Um svæðið sunnan við bæinn, þar sem fyrirhugað er að reisa verslunarhúsið, er hin gamla aðkomuleið úr suðri til Húsavíkur og heitir Aksturslág, sennilega mjög forn og nær upp með Vestari-Króklág og suður með Gvendarsteini og áfram suður á Skarðaháls. Þessa slóð ætti að skrá sem fornleifar og taka tillit til hennar í skipulagi, þetta eru menningarminjar sem ber að fella inn í skipulagshugmyndir svæðisins. Samkvæmt nýrri deiliskipulagshugmynd er verslunarmiðstöðin staðsett í slóðinni sem gamla brautin í Aksturslág lá um.

Sunnan við fyrirhugað verslunarhús var norðurhluti Króklágarholts, sem nú er horfið, og eftir stendur þar djúp og viðáttumikil ófrágengin malargryfja sem enn er verið að vinna í og sýnist vilji Norðurþings að halda áfram malartekju til suðurs í syðri hluta Króklágarholts, sem sumir nefna Flataholt. Það er mikið verk og vandasamt að ganga þannig frá malargryfjunni í Króklágarholti svo vel fari og þarf Norðurþing að sýna fram á það hvernig að því verður staðið, áður en kemur til frekari framkvæmda á svæðinu.

Undirritaðir telja að það sé nú ekki álitlegt, við núverandi aðstæður, að staðsetja stóra verslunarmiðstöð í flýti, stutt frá sláturhúsi í vestri og malargryfju í suðri. Úr malargryfjunni leggur nú moldryk yfir bæinn í sunnan hvassviðri og á sennilega eftir að gera um langa hríð, ef áfram verði grafið í Króklágarholtið/ Flataholt. Annars er það með öllu óskiljanlegt að malarnámið í Króklágarholti hafi ekki farið í formlegt umhverfismat, en það er önnur saga.

Við teljum þessar hugmyndir Norðurþings hafa verið settar fram í flýti til að greiða fyrir því að verslunarmiðstöð verði reist sem fyrst, ýmsir hafa lýst skoðun, með eða móti þessum áformum og ekki hefur gefist gott tóm til að grunda skoðanir. Vont að taka svo afdrifamiklar ákvarðanir í mikilli tímapressu, slíkt vekur ólgu og óánægju margra.

Við teljum að eina rétta í þessu máli sé að fresta ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi á fyrirhuguðu svæði sunnan við bæinn og gefa þannig ráðrúm til að skoða þetta betur.

Húsavík 1. Júlí 2024

Virðingarfyllt

Halldór Valdimarsson

Þorkell Björnsson

